



Reykjavík 19.05.2021

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og heilbrigðisráðs frá 19. maí 2021 varðandi eftirfarandi mál.

Tillaga að nýrri gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavík

Lögð fram til afgreiðslu drög að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavík dags. 14. maí 2021 ásamt greinargerð.

Samþykkt með fimm atkvæðum fulltrúa Vinstri grænna, Samfylkingarinnar, Pírata og fulltrúa Samtaka atvinnulífsins. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Visað til borgarráðs

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgigögn: drög að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavík

Tillaga að breytingu á samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavík nr. 123/2017 og gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg – söfnun á lífúrgangi

Vegna söfnunar á flokkuðum lífúrgangi frá íbúðarhúsum í Reykjavík er þörf á endurskoðun samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Reykjavík nr. 123/2017. Í drögum að endurskoðaðri gjaldskrá er bætt við liðum fyrir kostnað vegna brúntunnu

Breytingar á einstaka greinum eru eftirfarandi:

4 gr., Söfnun á heimilisúrgangi

Hirðutiðni brúntunnu bætt við til samræmis við hirðu á ílátum fyrir blandaðan úrgang; „Ílát fyrir blandaðan heimilisúrgang og ílát fyrir lífúrgang skal losa að jafnaði á 14 daga fresti“ og sambærilegt fyrir djúpgáma: „Húsráðendur geta valið hirðutiðni gámanna en skal losun þeirra ekki vera örari en 7 daga fresti að jafnaði og skal blandaður úrgangur og lífúrgangur ekki hirtur sjaldnar en á 21 dags fresti að jafnaði“

Einnig er bætt við ákvæði um stærðir plastíláta á hjólum: „Plastílát fyrir lífúrgang er 120 lítrar“.

7 gr., Gámar á yfirborði og djúpgámar

Bætt er inn ákvæði að „gámar undir lífúrgang skulu ekki vera stærri en þrjár rúmmetrar að stærð“. Um er að ræða tæknilega kröfu, en lífúrgangur er í eðli sínu þyngri en blandaðar úrgangur

Lagatilvísanir í 10. og 12. gr. hafa verið uppfærðar til samræmis við breytingar sem gerðar hafa verið á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Aðrar greinar samþykktar eru óbreyttar.

Í breytingu á gjaldskrá er bætt við gjaldi fyrir flokkaðan lífúrgang (Gjaldflokkur D).

Lagt er til að breytingar á samþykkt og gjaldskrá verði samþykktar.

Friðrik Gunnarsson

skrifstofu umhverfisgæða

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg.

1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg svo sem nánar greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjald fyrir *blandaðan heimilisúrgang*:

<i>Gjaldflokkur</i>	<i>Tegund iláts og hirða</i>	<i>Gjald</i>
<i>nr.</i>		<i>kr./ilát á ári</i>
A.1	120 l spartunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	18.400
A.2	120 l spartunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	23.800
A.3	240 l grá tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	29.100
A.4	240 l grá tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	36.200
A.5	660 l ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	80.025
A.6	660 l ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	99.550
		<i>kr./losun</i>
A.7	3m ³ gámur	16.400
A.8	4m ³ gámur	19.800
A.9	5m ³ gámur	23.150

Gjald fyrir *flokkaðan heimilisúrgang*, pappírsefni:

<i>Gjaldflokkur</i>	<i>Tegund iláts og hirða</i>	<i>Gjald</i>
<i>nr.</i>		<i>kr./ilát á ári</i>
B.1	240 l blá tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	11.400
B.2	240 l blá tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	16.100
B.3	660 l blátt ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	31.350
B.4	660 l blátt ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	44.275
		<i>kr./losun</i>
B.5	3m ³ gámur	9.100
B.6	4m ³ gámur	10.050
B.7	5m ³ gámur	11.000

Gjald fyrir *flokkaðan heimilisúrgang*, plastefni:

<i>Gjaldflokkur</i>	<i>Tegund iláts og hirða</i>	<i>Gjald</i>
<i>nr.</i>		<i>kr./ilát á ári</i>
C.1	240 l græn tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	10.500
C.2	240 l græn tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	15.200
C.3	660 l grænt ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	28.875

C.4	660 l grænt ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	41.800
		<i>kr./losun</i>
C.5	3m ³ gámur	6.650
C.6	4m ³ gámur	6.800
C.7	5m ³ gámur	6.900

Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, lífúrgangur:

<i>Gjaldflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
D.1	120 l brún tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	10.700
D.2	120 l brún tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	12.400
		<i>kr./losun</i>
D.3	3m ³ gámur	15.650

Gjaldi fyrir tunnur og ker er ætlað að standa undir kostnaði við ílát, hirðu og förgun úrgangs.
Gjaldi fyrir gáma er ætlað að standa undir kostnaði við hirðu og förgun.

Aðrir gjaldaliðir

Merkir pokar fyrir tilfallandi umfram blandaðan úrgang: 1.090 kr./stk.

Gjald fyrir aukalosun: 4.300 kr./ferð auk 1.400 kr./ílát sem losað er.

Gjald fyrir aukalosun djúpgáma er skv. losunargjaldi djúpgáma hér að framan.

Gjald vegna reksturs grenndar- og endurvinnslustöðva: 14.960 kr./íbúð. Gjaldi vegna grenndar- og endurvinnslustöðva er ætlað að standa undir kostnaðarhlutdeild

Reykjavíkurborgar í rekstri grenndar- og endurvinnslustöðva SORPU bs.

Umsýslugjald vegna breyttrar þjónustu, akstur og skráning íláta, er 3.400 kr. fyrir hvert sinn sem óskað er breytinga.

3. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöld ekki greidd á eindaga.

4. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda samkvæmt þessari gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af borgarráði Reykjavíkurborgar með heimild í 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavíkurborg nr. 1471/2020.

Borgarstjórnin í Reykjavík, XXXX.

Dagur B. Eggertsson
